

**Bekkjarnámskrá 7. bekkjar
Grunnskólinn á Ísafirði**



Skólaárið 2016-2017

Umsjónarkennari: Guðríður Þorbjörnsdóttir

Námstilhögun og kennsluaðstæður: Í 7. GP eru 23 nemendur í einni bekkjardeild. Kennt er á neðri hæð í Gamla gagnfræðaskólanum í stofu 103, en einnig hefur árgangurinn aðgang að stofu nr. 201 til hópavinnu. Notaðar eru mismunandi kennsluaðferðir eftir aðstæðum hverju sinni. Vinnuáætlun er send heim með tölvupósti vikulega og birt á Facebook síðu árgangsins, sem og í Mentor. Nemendur með íslensku sem annað mál fá íslenskukennslu í námsveri skólans, auk þess sem sérkennarar bjóða upp á stuðningsúrræði í stærðfræði.

Námsmat: Samræmd próf í íslensku og stærðfræði eru í september.

Framkoma, ástundun, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, kannanir og próf eru metin til einkunna eftir meðfylgjandi námsmatskvarða. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á www.mentor.is

★	Framúrskarandi	A
✓	Hæfni náð	B
○	Á góðri leið	C
✗	Hæfni ekki náð	D

Íslenska 6 kennslustundir á viku

Kennari: Guðríður Þorbjörnsdóttir og Elín Þóra Friðfinnsdóttir.

Markmið: Að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til íslenskunnar og öðlist færni í að beita henni á fjölbreyttan hátt.

Námstilhögun og kennsluaðstæður: Íslenskan skiptist í talað mál og framsögn, hlustun, ritun, ljóð, bókmenntir og málfræði. Áhersla er lögð á gagnvirkan lestur. Hinar ýmsu greinar íslenskunnar eru ekki aðskildar, heldur er leitast við að kenna hana sem eina heild. Áhersla verður lögð á framsögn í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina. Undirbúningur fyrir keppnina hefst 16. nóvember á degi íslenskrar tungu og lýkur í mars. Allir nemendur í 7. bekk G. Í. taka þátt í henni.

Námsefni: Málrækt 3, Skrift 6 og 7. Söguskinna og Ljóðspor. Gunnlaugs saga Ormstungu og fleiri bókmenntatextar valdir af kennurum. Áhersla er lögð á að nemendur lesi bækur að eigin vali sér til gagns og ánægju.

Námsmat: Samræmt próf í september. Prófað í lesskilningi í nóvember og maí. Aðrar litlar kannanir inn á milli. Hraðapróf í lestri verða þrisvar til sex sinnum á skólaárinu. Markmið árgangsins er 300 atkvæði á mínútu í hraðlestri. Framsagnarpróf er í mars, að lokinni upplestrarkeppni.

Stærðfræði 5 kennslustundir á viku

Kennarar: Guðríður Þorbjörnsdóttir, Elín Þóra Friðfinnsdóttir og Helga Björt Möller.

Markmið: Að nemendur nái þeim tókum á völdum sviðum stærðfræðinnar að hún nýtist þeim í daglegu lífi. Að nemendur kunni og geti notað margvíslegar stærðfræðiaðgerðir með

áherslu á tugabrot, almenn brot, rúmfræði, negatífar tölur, prósentureikning og þrautalausnir.

Námsefni: Stika 3A og 3B og ítarefni frá kennurum.

Námsmat: Samræmt próf í september. Kannanir eftir hvern námskafla, tvö hlutapróf og tvö annarpróf. Vinnubók einnig metin.

Náttúrufræði, 3 kennslustundir á viku

Kennari: Guðríður Þorbjörnsdóttir

Markmið: Að nemendur þroski með sér virðingu og samkennd með lífi, náttúru og umhverfi, þekki líkama mannsins og líffærakerfi hans og kynnist sögu vísindanna og þróun hugmynda manna um fyrirbæri alheimsins.

Námsefni: Auðvitað 3-Heimilið. Maðurinn – hugur og heilsa ásamt vinnubók.

Námsmat: Vinnubækur metnar til einkunnar, og hlutapróf úr Auðvitað 3 á haustönn og úr bókinni Manninum á vorönn.

Samfélagsfræðigreinar 3 kennslustundir á viku

Kennari: Guðríður Þorbjörnsdóttir og Helga S. Snorradóttir

Markmið: Nemendur, þekki flest ríki Evrópu og geti lesið á kort. Að nemendur þekki hvernig ólíkar aðstæður hafa áhrif á atvinnuhætti og líf fólks í ólíkum löndum.

Að nemendur kynnist sögu miðalda, ferðum fólks á fjarlægum slóðum og þær breytingar sem það hafði í för með sér. Einnig kynnast nemendur helstu atburðum Íslandssögunnar frá siðaskiptum og fram á 19. öld og geti borið saman lífnaðarhætti þá og nú.

* **Saga** - kennd seinni hluta vetrar, 3 stundir á viku.

Námsefni: Ein grjóthruga í hafinu, Miðaldafólk á ferð.

* **Landfræði** – kennd fyrri hluta vetrar, 3 stundir á viku.

Námsefni: Evrópa, álfan okkar, Landakortabók og Google Earth.

* **Trúarbragðafræði** kennd í febrúar

Námsefni: Islam, Upprisan og lífið.

Námsmat: Vinnubækur og verkefni í metin til einkunnar.

Danska, 3 kennslustundir á viku

Kennari: Kristín Ólafsdóttir og Guðríður Þorbjörnsdóttir.

Markmið: Að nemendur læri að tala, skilja og skrifa einfaldan texta á dönsku.

Námsefni: Start lesbók og vinnubók, auk verkefna útbúnum af kennurum.

Námsmat: Símat: vinna í tímum, verkefnabækur og önnur verkefnaskil, könnunarpróf á haustönn.

Enska, 2 kennslustundir á viku

Kennari: Monica Mackintosh og Guðríður Þorbjörnsdóttir.

Markmið: Að nemendur læri að skrifa, tala og skilja einfaldan texta á ensku.

Námsefni: Action lesbók og B vinnubók og ýmsar lestrarbækur sem fylgja.

Námsmat: Símat: vinnubrögð, verkefnaskil, verkefnabækur, próf og kannanir.

Lífsleikni, 1 kennslustund á viku

Kennarar: Guðríður Þorbjörnsdóttir.

Markmið: Að þjálfar nemendur í mannlegum samskiptum og tillitssemi og efla sjálfsvitund og sjálfstæði þeirra. Að nemendur geti tjáð sig og fært rök fyrir hugsunum, skoðunum,

tilfinningum og væntingum sínum. Að nemendur viti af hættum samfara neyslu vímuefna, hafi jákvætt viðhorf til heilbrigðs lífnis og vinni gegn einelti

Námsefni:/aðferðir: Ertu? Vinnubók í lífsleikni, ásamt öðru efni frá kennurum.

Uppbyggingarstefnan, árshátíð, Stóra upplestrarkeppnin, Skólabúðir að Reykjum o.fl.

Kennslutilhögun: Ýmsar kennsluaðferðir; einstaklingsvinna, umræður, hópavinna og bekkjarfundir.

Íþróttir og sund, 3 kennslustundir á viku

Kennarar: Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Hálfván Pétursson (íþróttir), Atli Freyr Rúnarsson (sund).

Námstilhögun: Árganginum er kennt ásamt 8.bekk í leikfimi, einu sinni í viku í íþróttahúsinu á Torfnesi, 2 kennslustundir. Í sundi er árganginum kennt í 2 hópum (kynjaskipt), 1 kennslustund á viku í Sundhöll Ísafjarðar.

Markmið: Meginmarkmið skólaíþrótta er að örva þroska nemenda, efla afkastagetu þeirra, hreyfifærni og almenna líkamsfærni.

Námsmat: Prófað er í lok skólaárs í samræmi við námsferil vetrarins, auk þess er mæting, framkoma og virkni nemenda metin til einkunnar.

Hringekja

Upplýsingatækni, 6 kennslustundir fimmtung vetrar

Kennari: Elín Þóra Friðfinnsdóttir

Kennslutilhögun: Kennt í tölvuveri.

Markmið: Að nemendur þjálfist í að nota rétta fingrasetningu. Að nemendur geti notfært sér tölvu til að leysa verkefni og kynnist algengum tölvuforritum og kynnist einnig forritun. Að nemendur þjálfist í að fletta upp í orðabókum og leita sér upplýsinga og örugggra heimilda á skólasafni og á internetinu. Lögð er áhersla á að samþætta upplýsingatækina við aðrar námsgreinar.

Námsmat: Símat er á vinnu nemenda og er einkunn gefin að vori.

Heimilisfræði, 6 kennslustundir fimmtung vetrar

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

Kennslustaður: Heimilisfræðistofa 119.

Námsefni: Kennslubók í heimilisfræði Gott og gagnlegt 3, annað efni frá kennara.

Námsmat: Vinna og hegðun metin í hverjum tíma. Samanburður á hæfni nemenda miðað við markmið - yfirfarið í lok tímabils. Heildareinkunn gefin í bókstöfum.

Markmið, að nemendur:

- geti unnið sjálfstætt, matreitt einfaldar og hollar máltíðir og hugsu vel um nýtingu hráefnisins
- að nemendur þjálfist í vönduðum vinnubrögðum
- að nemendur geti tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við gott heilsufar og öll aðalatriði næringarfræðinnar
- að nemendur geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- að nemendur auki þekkingu sína um sjálfbærni, læri að setja viðfangsefni í samhengi við hana (umgengni, endurnýting, sparnaður, jafnrétti) og átti sig á uppruna helstu matvæla

- að nemendur geti skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau
- að nemendur geti tjáð sig á einfaldan hátt um ólíka siði og venjur og þjólegar, íslenskar hefðir í matargerð
- að nemendur geri sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum heimilishalds og sé meðvitaður um neytendavernd
- að nemendur geti nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla
- að nemendur geti greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau

Nákvæmari kennslu- og tímaáætlun í vor.

Verkefni:

Verkefni um heilbrigðan lífsstíl. Könnun. Niðurstöður settar fram og kynntar.

Sjálfbærni – umgengni, endurnýting, sparnaður, jafnrétti. Myndband.

Næringarefnin – orkuefni, vítamín, steinefni og snefilefni. Miðlar – hvernig er hægt að nýta miðla til að afla upplýsinga í sambandi við matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla?

Umbúðamerkingar. Geymsluaðferðir. Örverur – matarsýkingar. Vinnubók – verkefni.

Kostnaðarliðir heimilishalds, neytendavernd, uppruni matvæla. Vinnubók – verkefni.

Þeytt deig. Súkkulaðimúffur með eplum. Vinnubók.

Hrært deig. Dropasmákökur. Vinnubók.

Hnoðað deig. Súkkulaðikóskúlur með perlusykri. Slysa á heimilum.

Gerdeig. Múslíbollur. Siðir, venjur, þjólegar íslenskar hefðir í matargerð.

Gerdeig. Langbrauð. Extra-þrif.

Útikennsla. Tómatásúpa og naan-brauð.

Gúlassúpa.

Grísagleði.

Fiskur undir þekju.

Hakkað buff með góðri sósu.

Kjúklingur með kús-kús.

Framandi fiskréttur. Extra-þrif.

Lokahóf – litlir smáréttir.

Textílmennt, 6 kennslustundir fimmtung vetrar

Kennari: Fríða Rúnarsdóttir.

Markmið: að kenna nemendum rétt vinnubrögð og notkun handverkfæra í saumastofu og rifja upp meðferð saumavélarinnar. Að allir geti stillt mismunandi spor, þrætt og spólað. Að nemendur læri ýmis útsaumsspor.

Námstilhögun: 6. og 7. bekk er skipt upp í 5 hópa og er einum hóp kennt í einu í.

Verkefnin eru myndarammi úr Country-filti skreyttur með útsaumssporum, svo og náttbuxur eða stuttbuxur. Nöfn nemenda búin til með stensilformum og sett á stuttermaboli. Ef tími gefst sauma nemendur pennaveski/snyrtibuddu.

Námsmat: Símat er á vinnu nemenda og er einkunn gefin að vori.

Myndmennt, 6 kennslustundir fimmtung vetrar

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Markmið: Að nemandi teikni hluti eftir fyrirmynd, hraðaæfingar og aðrir líkamspartar en hendi notaðir til að teikna með s.s. fætur, munnur. Skapandi hugsun og útfærsla nýtt til að gefa bókum nýtt líf. Skoða nærumhverfi sitt og hvaða listrænu þættir eru þar og hópurinn vinnur myndband sem birtist á youtube rás skólans. Þekki og vinni með tveggja punkta fjarvídd. Kynni sér einn listamann/stefnu og vinni verk í anda listamanns/stefnu. Nemandi beiti myndgreiningu og myndlýsingu munnlega. Nemandi læri og noti ýmis hugtök svo sem portrett, format grunnform/frumform (teningur, píramídi, kúla), teningur, kúla, þrívíddarþríhyrningsr, píramíti, keila, myndefni o.fl.

Námstilhögun: Kennt er í myndmenntastofu skólans. Árganginum er skipt upp í 4 hópa og er einum hóp kennt í einu.

Námsmat: Símat er á vinnu nemenda og er einkunn gefin að vori.

Leiklist, 6 kennslustundir fimmtung vetrar

Kennari: Jóhanna Ása Einarsdóttir

- Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþátta.
- Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.
- Beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum).
- Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.
- Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu.
- Sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði.
- Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.
- Sýnt fram á tækni á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu.
- Rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag.

Námsmat: Vinna og hegðun metin í hverjum tíma. Samanburður á hæfni nemenda miðað við markmið - yfirfarið í lok tímabils. Heildareinkunn gefin í bókstöfum.

Valgreinar-Hræringur

Nemendur 5. - 7. bekkjar velja sér viðfangsefni þrjár kennslustundir á viku. Vetrinum verður skipt í níu vikna tímabil, samtals fjögur tímabil. Nemendur eru beðnir um að velja, í samráði við foreldra sína, tvö viðfangsefni fyrir hvert tímabil eða allt að tíu viðfangsefnum fyrir allan veturinn.

FabLab

Markmið: Að nemendur nýti sitt eigið frumkvæði og sköpun og nái tókum á grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab, t.d. Inkscape.

Námsþættir: Vinna í tölvuveri og stafrænni FabLab smíðju.

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Tæknilegó

Markmið: Að nemendur æfist í að nota tannhjól og gíra í hlutum sem þeir búa til og nýti eigið frumkvæði og sköpun

Námsþættir: Að hanna og byggja úr kubbum og kynnast frumpáttum véltækni.

Kennari: Jón Hálfán Pétursson

Fimleikar

Markmið: Að nemendur kynnist helstu þáttum fimleika, æfi styrk, liðleika, lipurð, samhæfingu og jafnvægi.

Námsþættir: Farið verður í grunnþættina í fimleikum, handahlaup, arabastökk, kollhnís, hoppa yfir kubb, hringi og fleira. Hægt verður að vera meira en eitt tímabil ef nemendur vilja.

Kennari: Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Nýsköpun

Markmið: Að efla sköpunarkraft og virkja hugmyndaflugið

Námsþættir: Allir geta fundið eitthvað sem má bæta eða breyta. Unnið verður með fjölbreyttum aðferðum í hugmyndavinnu þar sem leitað er að nýjum aðferðum, útfærslum eða vöru. Eflum sköpunarkraftinn með því að æfa okkur.

Kennarar: Elín Þóra Friðfinnsdóttir og Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Matur og menning frá ýmsum löndum

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttri matarmenningu.

Námsþættir: Matreiðsla og bakstur í bland við skemmtileg verkefni. Nemendur útbúa sjálfir litla matreiðslubók sem inniheldur uppskriftir og fróðleik frá tímabilinu.

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Smíðar og föndur

Markmið: Að nemendur læri beitingu helstu handverkfæra og meðferð efnis.

Námsþættir: Nemendur búa til margskonar nytjahluti eða skrautmuni úr tré.

Kennari: Fríða Rúnarsdóttir

Stuttmyndagerð

Markmið: Að nemendur læri að vinna með einföld upptökuforrit.

Námsþættir: Upptökur, klipping og almennar reglur um myndbirtingu.

Kennari: Elín Þóra Friðfinnsdóttir

Börn og umhverfi – í samstarfi við Rauða krossinn

Tímabil 4, aðeins fyrir 6. og 7. bekk

Markmið: Að nemendur öðlist aukið öryggi í að gæta yngri barna.

Námsþættir: Árangursrík samskipti, umönnun og hollar lífsvenjur, leiðtogaþæfni, leikir og leikföng, helstu slysaþættir í umhverfi barna og skyndihjálpi.

Kennarar: Bryndís Friðgeirsdóttir og Auður Ólafsdóttir

Makey makey

Markmið: Nemendur læri að nota Makey makey til að stýra tölvuleikjum, hljóðfærum og

lyklaborði. Nemendur kynnist rafmagnsfræði sem nýtist í skapandi vinnu.

Námsþættir: Vinna í tölvuveri og myndmennt. Nemendur vinna með Makey makey box, tölvu og ýmsan efnivið. Áhersla er lögð á skapandi útfærslur á verkefnum, samvinnuhæfni og sjálfstæð vinnubrögð.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Dans

Markmið: Að efla hreyfingarskipti með aðstoð fjölbreytilegrar tónlistar. Að efla félagsþroska í gegnum snertingu og samvinnu.

Námsþættir: Freestyle-dansar, þeir dansar sem eru í tísku hverju sinni og að semja dansa. Að auki munu nemendur sýna dansa við ýmis tækifæri.

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Skák

Markmið: Að nemendur kynnist reglum skáklistarinnar og helstu byrjunum.

Námsefni: Ýmis gögn frá kennara.

Kennari: Guðlaugur Viðar Valdimarsson

Yndislestur

Markmið: Að efla lesskilning og hvetja nemendur til fjölbreyttari lesturs.

Námsþættir: Nemendur velja sér bók/bækur til að lesa og segja öðrum nemendum frá þeim.

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Spænska

Markmið: Að nemendur fái örlitla innsýn í tungumálið

Námsþættir: Að læra að heilsa og kveðja, kynna sig, segja frá sjálfum sér og spyrja einfaldra spurninga. Unnið án bóka. Nemendur sem voru í spænsku á yfirstandandi skólaári og velja hana aftur verða í sérhóp sem lærir aðeins meira.

Kennari: Katrín Björnsdóttir

Leður og roð

Markmið: Að nemendur nái tökum á að vinna með þau verkfæri sem notuð eru til að vinna með þessi hráefni og nýti eigið frumkvæði og sköpun.

Námsþættir: Að búa til t.d. lyklakippu, nælu, þyngju osfrv.

Kennari: Fríða Rúnarsdóttir

Skrautskrift

Markmið: Að nemendur læri grunnatriði skrautskriftar.

Námsþættir: Æfingar í fjölbreyttri stafagerð.

Kennari: María Lárusdóttir

Teiknimyndasögugerð

Markmið: Að nemendur öðlist innsýn í heim teiknimyndasögugerðar.

Námsþættir: Uppbygging sögu þar sem mynd og texti vinna saman, unnið bæði á hefðbundinn hátt og í ýmsum forritum.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Útivist

Markmið: Að mæta þörf nemenda fyrir útivist og hreyfingu.

Námsþættir: Útivist í samræmi við veður hverju sinni, leikir, hjólaferðir, skautuferðir og fleira.

Kennari: Atli Freyr Rúnarsson

Skipulagðir leikir

Markmið: Að efla félagsfærni og mæta þörf nemenda fyrir hreyfingu.

Námsþættir: Skipulagðir leikir af ýmsu tagi. Hlaupaleikir, boltaleikir og aðrir leikir sem kalla á hreyfingu.

Kennari: Árni Heiðar Ívarsson

FORELDRASAMSTARF

Foreldraviðtöl verða í ágúst, nóvember og febrúar. Kennarar hafa ekki fasta símatíma, en séu þeir uppteknir þegar hringt er, má leggja inn skilaboð hjá ritara um að hafa samband þegar þeir geta. Símanúmer skólans: 450 8300.

Leyfi umfram tvo daga þarf að sækja um skriflega, en ef um styttri frí er að ræða nægir að hafa samband við umsjónarkennara.

Veikindi þarf að tilkynna til ritara hvern veikindadag, eða skrá veikindi í gegnum www.mentor.is

Þeir nemendur sem ekki geta tekið þátt í íþróttum eiga að koma með það skriflegt að heiman.

Kennarar senda vikuáætlanir, niðurstöður úr hraðlestrarprófum og ástundun reglulega í tölvupóst í gegnum www.mentor.is og hafa samband heim ef eitthvað er.

Netfang umsjónarkennara: gudridur@isafjordur.is

Guðríður Þorbjörnsdóttir